

## Skólaganga fósturbarna

Þú ert formaður skólanefndar í fámennu sveitarfélagi norður í landi. Í sveitarfélaginu búa hjón sem hafa undanfarin ár tekið við fósturbörnum sem útvega þarf barnaverndarræði og skólaúrræði.

Þú veist að foreldrar barnanna í grunnskólanum eru fyrir löngu búnir að fá nóg af „erfiðum“ fósturbörnum sem gera það að verkum að „heimabörnin“ fá minni kennslu fyrir vikið. Þú hefur einnig heyrt af eldri bæjarfulltrúum að sveitarfélagið hafi einatt þurft að borga fyrir skólagöngu barna annarra sveitarfélaga og við svo verði ekki búið öllu lengur.

Í nóvember berst sveitarfélaginu bréf frá Víkureykjarfirði þar sem óskað er eftir samþykki fyrir því að fósturbarnið Y fái skólavist frá 1. nóvember og út skólaárið. Í bréfinu er tilgreind fjárupphæð sem Víkureykjarfjörður segist muni borga fyrir skólagöngu fósturbarnsins. Þú gerir þér grein fyrir því að sú upphæð er allt of lág með tilliti til þeirrar þjónustu sem fósturbarnið þarf.

Hvað gerir þú í framhaldinu?

- a. Samþykkir að barnið fái skólavist og segir bæjarstjóra að svara erindinu jákvætt.
- b. Þú í samráði við skóla og skólanefnd takið ákvörðun um að hafna því að fósturbarnið fái skólavist á meðan ekki komi hærri greiðsla fyrir.
- c. Gerir þér grein fyrir því að grunnskólalög feli í sér skýran rétt fósturbarnsins til þess að ganga í grunnskólann í sveitarfélaginu. Þar sem að beiðnin um skólavistina kom hins vegar þegar langt var liðið á skólaárið og fjárhagsáætlun rúmi ekki viðbótarkostnað vegna barnsins sé ekki hægt að taka Y í skólann.
- d. Tekur málið formlega fyrir á skólanefndarfundi að undangengnu samráði við skólustjóra og sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og leggur til að beiðninni verði synjað þar sem ekki sé útlit fyrir að meira fjármagn fylgi barninu auk þess sem að skólinn geti ekki veitt barninu þá sérhæfðu þjónustu sem það þarf.
- e. Viðurkennir rétt barnsins til skólagöngu en þar sem vitað er að barnið þarf sérstaklega mikinn stuðning óskar þú eftir því við bæjarstjóra að hann kalli formlega eftir að meira fjármagn fylgi barninu ellegar verði sveitarfélagið að synja beiðninni um skólavist.

Fósturforeldrarnir sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eru ekki sáttir við að Y komist ekki strax í skóla og kæra málið til ráðuneytisins.

Á hvaða forsendu geturðu ímyndað þér að hægt sé að byggja kærana á?

Að hvaða niðurstöðu telur þú að ráðuneytið geti komist á grundvelli þeirra upplýsinga sem þú hefur í þessu verkefni?

Er hægt að synja fósturbarni um skólavist?

